

116. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi
haldinn 13. maí 2015 kl. 16.30 í Fjölheimum

Mætt: Magðalena Jónsdóttir, Þór Hreinsson, Elín Einarsdóttir, Gunnar Bragi Þorsteinsson og Gylfi Þorkelsson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásm. Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Launamál

Framkvæmdastjóri vék af fundi.

„Stjórn samþykkir að ákvörðun um launakjör ársins 2014, sbr. fundargerð 113. fundar FSS frá 26. nóvember 2014, liður 1, verði ekki framlengd og falli úr gildi, því forsendur fyrir henni eru brostnar, og að frá og með 1. janúar 2015 taki allir starfsmenn laun skv. kjarasamningum síns stéttarfélags. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að leita allra leiða til hagræðingar í rekstri.“

2. Leiga á kennslueldhúsi

Frkvstj. kynnti. Stjórn felur framkvæmdastjóra að komast að samkomulagi við stjórn Fjölmenntar um leigu á kennslueldhúsi Fjölheima.

3. Önnur mál

Fyrir dyrum er aðalfundur KVASIS.